

Fyrsti fundar nýrrar stjórnar haldinn mánudag 4. maí 2026 kl. 12:00 á skrifstofu UMFÍ.

Magnús, Andri, Freyr og Kristín Dana mætt. Mia boðaði forföll

1. Samþykkt fundargerðar 13. apríl
Samþykkt einróma.
2. Verkskipting stjórnar.
Helst óbreytt.
3. Fundaskipulag fram að næsta Tennisþingi
Helst einnig óbreytt.
4. Úrvinnsla verkefna frá Tennisþingi, formannafundur, foreldrafræðsla, lagabreytingar, skýrsluskil og fl.
Dagsetning formannafundar staðfestur 24. maí.
Foreldrafræðslan verður í höndum Freys og Miu.
Lagabreytingar eru allar komnar til ÍSÍ og bíður eftir staðfestingu, engar breytingar fyrr en framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfestir ný lög.
Öll skýrsluskil er í höndum Magnúsar og eru í skilum.
5. Skipulag DC/BJKC
Andri og Raj klára DC sín á milli. Raj fer með kvennaliðinu.
6. Blindratennis
Þetta mál verður skoðað í samstarfi við Tennishöllina. Raj mætir á fund til að vita meira.
7. Útivellir TFK
Magnús sagði af vinnu sem stendur yfir í Kópavogi varðandi blöðru yfir 3 útivelli og hita undir vellina.
8. Gullmerki TSÍ
Rætt innan stjórnar.
9. Önnur mál
Lagt til að Freyr kemur inn í landsliðsnefnd sem er samþykkt einróma.
Árshátíð gerð upp.
Andri kemur með tillögu á formannafundi með afrekshóp og æfingar fyrir 16 ára og yngri.
Skipa þarf aga og siðanefnd þegar nýju lögin verða samþykkt.

Fundi slitið 13:00